

Haustönn 2018

Kennari Jón S. Gunnarsson

GLUH2GL07 Kennsluáætlun

Í áfanganum er kennd smíði glugga og útihurða með áherslu á trésmsetningar, vélavinnu og handverk. Nemendur læra um viðartegundir og önnur smíðaefni sem notuð eru í glugga og útihurðir, áhöld og tæki, samsetningaraðferðir, yfirborðsmeðferð og smíðisfestingar. Lögð er áhersla á að nemendur geti gengið úr skugga um gæði þeirra smíðaefna sem unnið er með og að endanlegur smíðishlutur uppfylli kröfur um málsetningar og útlit m.m. Nemendur fá áframhaldandi þjálfun í notkun og umgengni við allar algengar trésmíðavélar og kynnast flóknari vélbúnaði sem sérstaklega tengist glugga- og hurðasmíði. Kennsla er að mestu verkleg þar sem nemendur smíða hluti eftir teikningum og verklýsingum.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

umgengni og notkun trésmíðavéla fyrir glugga og hurðasmíði
vali efna til glugga og hurðasmíða
smíðaefnum sem notuð eru við gerð glugga og útihurða
öryggisreglum og öryggisbúnaði viðkomandi áhalda og tækja
samsetningaraðferðum á gluggum og útihurðum
yfirborðsmeðferð glugga og útihurða
aðferðum til að fúaverja og yfirborðsmeðhöndla glugga og útihurðir

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

vinna eftir teikningum og verklýsingum fyrir glugga- og hurðasmíða
brýna og halda við einföldum skurðarverkfærum
umgangast flóknar trésmíðavélar með tillit til notkunar og öryggismála

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

velja hentugt smíðaefni með hliðsjón af verkefni hverju sinni
öðlast innsýn í tæknilega viðarvernd við smíði útiglugga og útihurða

velja smíðisfestingar og þéttilista með hliðsjón af verkefni

velja réttar trésmíðavélar bæði til fjölda- og stykkjaframleiðslu

ganga úr skugga um rétta virkni og stillingar véla með aðstoð mæliáha

smíða glugga og útihurðir með þéttingum og fylgihlutum

smíða fasta og opnanlega glugga til notkunar utan- og innanhúss

smíða útihurð með spjöldum ásamt karmi

ganga frá smíðishlut með gleri, þéttilistum og stáli

staðsetja og taka úr fyrir lömum og skrám í höndum og með vélum

Námsefni byggir á verkefnum sem kennari leggur fram. Nokkrum sýnikennsludæmum af netinu ásamt heimasíðum gluggaframleiðenda

Nemandi skal ljúka öllum verkefnum skriflagum og bóklegum.

Námsmat

Byggir á mati á smíðamunum, frammistöðu við smíðarnar hegðun, áhuga og ástundun 80%

Skrifleg próf. Nokkur tímaverkefni/próf úr efni bókar og smíðatímum